

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
13. fundur
haldinn í fundarsal Fljótsdalshéraðs, 21. apríl 2008

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Björn Ármann Ólafsson, Skúli Björn Gunnarsson og Skarphéðinn G. Þórisson. Magnhildur Björnsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson voru fjarverandi.

Dagskrá:

1. Reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs
2. Aðstaða fyrir þjóðgarðsvörð
3. Skálar Ferðafélags Fljótsdalshéraðs
4. Önnur mál

Eiríkur Björn stýrði fundi og setti hann kl. 20.05. Gengið var til dagskrár.

1. Reglugerð Vatnajökulspjóðgarðs

Farið var yfir drög að reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð lið fyrir lið.

Rætt var um hvort ástæða væri til að setja sér grein um svæðisráð eins og er heimilt samkvæmt 5. gr. laganna.

Varðandi 3. gr. var rætt um að mörk Austursvæðis þyrfti að skoða sérstaklega við hnitsetningu. Með því að fylgja fimm kílómetra fjarlægð frá Háslóni og Kárahnjúkavegi, eins og kemur fram í skýrslu ráðgjafarnefndarinnar frá 2006, fellur stór hluti af landi burt sem æskilegt væri að hafa innan þjóðgarðs. Svæðisráð beinir því til stjórnar að mörk þjóðgarðsins verði sett eins nærri mannvirkjum, þ.e. vegum, stíflum og virkjunarlónum, og leyfilegt er samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum eða með undanþágum frá þeim.

Varðandi 7. gr. er lagt til að bætt verði við síðustu málsgreinina: ... á jaðri hans að höfðu samráði við svæðisráð viðkomandi svæðis.

Varðandi 11. gr. færi betur á að nota „merktum eldstæðum“.

Varðandi 3. mgr. 13 gr. „Óheimilt er að beita hestum innan þjóðgarðsins“ telur svæðisráð að hún stangist á við greinina alla og þurfi að umorðast eða falla burt.

Varðandi 16 gr. 1. mgr. þarf að huga að því hvort setja eigi ákvæði inn í reglugerðina um notkun sexhjóla við hreindýraveiðar innan þjóðgarðsmarka, ef þær verða heimilaðar.

Athugasemd kom fram um að setja þyrfti sérstök ákvæði um flugumferð.

Varðandi 17. gr. er rétt að tilgreina aðkomu þjóðgarðsvarða og svæðisráða að slíkri leyfisveitingu. Svæðisráð telur að einnig þurfi að skoða hvort heimild til gjaldtöku verði sett inn í þess grein.

Staðar var numið við III. kafla. Frekari umræðu um reglugerðina vera frestað til næsta fundar.

2. Aðstaða fyrir þjóðgarðsvörð

Formanni var falið að kanna hvort hægt verði að fá aðstöðu fyrir þjóðgarðsvörð í húsnæði Þekkingarnetsins á Vonarlandi.

3. Skálar Ferðafélags Fljótsdalshéraðs

Skúli Björn opnaði umræðuna þar sem hann hafði óskað eftir að þetta mál yrði rætt á fundi svæðisráðs. Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs hefur borist erindi frá Ferðafélagi Íslands þess efnis að FÍ sé reiðubúið að kaupa skála FFF í Kverkfjöllum, Hvannalindum, Geldingafelli og við Snæfell. Ferðafélagið hefur fjallað um málið á félagsfundi og viðræður eru við Fljótsdalshérað um að sveitarfélagið hlaupi undir bagga með FFF með fjárhagslegum stuðningi. Ákvörðun um málið verður tekin á aðalfundi FFF. Skúli Björn lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi afar óheppilegt á þessum tímamarki að missa eignarhald á þessum skálum til Reykjavíkur og sömuleiðis væri ómetanleg þekking og reynsla hjá FFF varðandi rekstur og uppbyggingu á þjóðgarðssvæðinu sem slæmt væri að missa nú loksins þegar uppbygging þjóðgarðsins stæði fyrir dyrum. Töluverðar umræður urðu um málið.

4. Önnur mál

a) Hugmyndir um upplýsingastofu í Möðrudal

Eiríkur dreifði greinargerð frá Vilhjálmi og Elísabetu í Möðrudal með hugmyndum um jaðarmiðstöð þjóðgarðsins þar. Umræðu frestað til næsta fundar.

b) Næsti fundur

Samþykkt að halda næsta fund í svæðisráði mánudagskvöldið 28. apríl kl. 20.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 22.25.

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson